

Fundur verkefnisstjórnar AST Egilsstöðum 15. febrúar kl. 13 í húsnæði AFLs á Egilsstöðum

Mætt: Skúli Björn, Sverrir, Arnbjörg, Rögnvaldur, Auður Anna, Valdimar og Stefán Bogi. Davíð hafði tilkynnt forföll og fulltrúar ríkisins einnig. Stefanía, verkefnisstjóri, sat fundinn og tók niður fundargerð.

Fram kom að Davíð hafi rætt við Valdimar vegna verkefnisins og tjáð honum að mikil vinna í verkefnisstjórn og fundartími henti sér ekki, hann hafi haldið að verkefninu væri nær lokið og hlutverk verkefnisstjórnar væri að binda lokahnútinn á það, annað hafi komið á daginn. Rætt var að mikilvægt sé að Menningaráði sé virkt í starfi verkefnisstjórnar og því ákveðið að kalla eftir nýjum fulltrúa MRA í verkefnisstjórnina. Verkefnisstjóra falið að leita til Björns Ingimarssonar og Davíðs með tilnefningu á nýjum fulltrúa MRA í verkefnisstjórn.

Dagskrá:

- Fjárhagsáætlun
- Samningar við sveitarfélög
- Rammasamningur við ríkið – skipa hóp
- Skipulagsskrá
- Ráðning framkvæmdastjóra
- Önnur mál

Fjárhagsáætlun: Farið yfir forsendur, ákveðið að taka út 2ja milljón króna lækkun á húsnæðiskostnaði 2013 þar sem ólíklegt sé að takist að selja húsnæði PFA á árinu. Fram kemur að inn í áætluninni er ekki gert ráð fyrir kostnaði við sameiningu og innleiðingu á AST samanber styrkur frá ríkinu að upphæð 12 milljónir á þremur árum, 4 milljónir á ári. Fram kemur að í samantekt vegna þess styrks er gert ráð fyrir samtals 24 milljón króna kostnaði við innleiðingu/sameiningu en hluti af þeim kostnaði sé vegna vinnu starfsmanna AST. Verkefnisstjórn ákveður að bæta inn í fjárhagsáætlun umræddum kostnaði sem 10 milljón króna beinum viðbótarkostnaði sem dreifist á þrjú ár þ.e. 5 milljónir 2012 og 2,5 milljónir 2013 og 2014, þar af sé áætlaðar 6 milljónir í greiðslur til sérfræðinga, 2 milljónir í gerð kynningarefnis, 1 milljón vegna kostnaðar við merkingar og 1 milljón vegna auglýsinga. Með þessum breytingum á fjárhagsáætlun verður tap/fjármagnspörf ársins 2012 tæpar 3 milljónir og tap 2013 tæpar 13 milljónir. Í rammasamningi við ríkið og samningum við sveitarfélögin verður leitast við að fjármagna þennan mun. Uppfærð fjárhagsáætlun með skýringum verður send á verkefnisstjórn.

Samningar við sveitarfélögin: Farið var yfir fund sem Arnbjörg, Stefanía og Vilhjálmur bæjarstjóri á Seyðisfirði áttu 14. febrúar. Þar var lagt til að samningar við sveitarfélög væru tvennskonar þ.e. almennur þjónustusamningur og viðaukasamningar um sérstök verkefni tengd t.d. ferðaþjónustu, fræðslustarfi, kynningarmálum og viðburðastjórnun. Gerðar voru nokkrar tillögur að breytingum á drögum á almennum þjónustusamningi þ.e. bætt við skilgreiningu á framlagi ríkis/jöfnunarsjóðs til SSA sem og skilgreining á framlagi sveitarfélaga til SSA sem nú væri þá bundið í þjónustusamninga, ólíkt því sem verið hefur. Bætt var við þjónustubætti er tengdist fræðslumálum og lagt til að gjald vegna þessa miðaðist við fjölda starfsmanna en ekki íbúa.

Jafnframt var lagt til að einn samningur yrði gerður um NA fjármagn vegna 2012 við þau sveitarfélög sem eru samningsbundin við ríkið, það fjármagn yrði síðan hluti af rammasamningi við ríkið 2013 og í framtíðinni. Verkefnisstjóra var falið að vinna ramma að viðaukasamningi sem Vilhjálmur mun vinna áfram í samráði við bæjarstjórn. Minnisblað af fundinum má finna á Dropboxinu.

Aðrar umræður um niðurstöður af fundi um samninga við sveitarfélögin snéru m.a. að:

- Mögulegum samlegðaráhrifum við Skólaskrifstofu sem ber í dag ábyrgð á endurmenntun faglærðra starfsmanna í leik- og grunnskólum. Horfa mætti til þess að gera þjónustusamning við Skólaskrifstofu um slík verkefni. Fram kom hjá Stefáni Boga að verið er að endurskoða skipulag Skólaskrifstofu með það í huga að flytja verkefni hennar yfir til félagsþjónusta sveitarfélagana og þá kunni að skapast svigrúm fyrir AST að taka að sér afmörkuð verkefni (gegn þjónustusamningi). Í umræðunni kom fram að hugsa mætti sér að AST tæki yfir verkefni Skólaskrifstofu og til yrði félagsmálasvið innan stofnunarinnar sem væri þá um leið tenging inn í verkefni á borð við STARFA, VIRK og Vinnumálastofnun. Stefán Bogi tók að sér að kanna málin varðandi möguleg verkefni frá Skólaskrifstofunni.
- Varðandi viðaukasamninga voru fundarmenn almennt á því að efla þyrfti og samstillta kynningar- og markaðsmál í fjórðungnum og samninga við sveitarfélögin um slík verkefni væru mikilvægt framfaraspor í rétta átt í því tilfalli. Hægt væri að vinna að samræmdum Viðburðakortum, samanber á Norðurlandi svo fátt eitt sé nefnt.
- Rædd voru önnur verkefni sem AST gæti tekið að sér svo sem STARFA, Búnaðarsambandið og Heilbrigðiseftirlit sem er að vísu annars eðlis og snýr að lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga. Verkefnisstjóra og framkvæmdanefnd falið að vinna lista yfir slík verkefni með stuttri greiningu á mögulegum samlegðaráhrifum.

Rammasamningur við ríkið: Fram kom að Þórarinn hefði tekið að sér að vinna drög að rammasamningi við AST en að þau drög lægju ekki fyrir. Verkefnisstjórn skipaði eftirfarandi aðila í samninganefnd AST við ríkið, Valdimar, Auður og Rögnvaldur. Verkefnisstjóri vinnur með hópnum og aðrir í verkefnisstjórn munu leggja málinu lið einsog þörf er á. Samninganefnd falið að vinna tillögur að texta fyrir rammasamning í samráði við Þórarinn og bakhópinn, verkefnisstjóri mun kanna hvort hægt er að fá fund með bakhópi ríkisins fimmtudaginn 23. febrúar f.h. (10-12) en eftir hádegi þann dag er fundur um Sóknaráætlanir. Rætt var um hvort ekki þyrfti að setja fram mælanleg markmið með starfsemi AST í tengslum við rammasamning samanber umræður á síðasta fundi verkefnisstjórnar, varpað var fram þeirri spurningu hvort ekki ætti að fá starfsmenn með í slíka vinnu. Ákveðið að fara ekki af stað með slíka vinnu vegna rammasamnings heldur horfa til gildandi samninga en komi til viðbótarfjármagn þá þurfi að skilgreina markmið og mælikvarða vegna þess og þeirra verkefna sem fylgja.

Skipulagsskrá: Umræður um athugasemdir frá Stefáni Boga. Fram kom að athugasemdirnar kæmu seint fram og þegar væri búin að eiga sér stað mikil umræða sem og sameiginlegur stjórnafundur sem hefði skilað þeim niðurstöðum/skipulagsskrá sem nú lægi fyrir. Framkvæmdanefnd hefði tekið athugasemdir fyrir á sínum fundi og legði fram þær tillögur að til að tryggja aðkomu sveitarfélaga að AST þá væru öll sveitarfélögin stofnaðilar í stað SSA og að í vinnu- og starfsháttareglum stjórnar/AST þá væri skilgreint sérstaklega hvað væri sveitarstjórnarfulltrúi og hvað væri faglegur fulltrúi í stjórn. Einsog samþykktir standa í dag þá getur staðan orðið þannig að allir fulltrúar SSA verði settir út úr stjórn sem og að faglegir fulltrúar séu jafnframt sveitarstjórnarmenn. Stefán tekur það á sig að athugasemdir hafi komið of seint fram en undirstrikar að markmið hans með athugasemdunum hafi verið að grípa inn í umræðuna áður en það yrði of seint til að koma í veg fyrir möguleg vandamál á síðari stigum. Fram kemur að mikilvægt sé að viðhalda því trausti sem búið er að byggja upp á milli aðila og að það liggi fyrir að fyrir PNA sé ekki aftur snúið eftir sameiningu þar sem allar samningsbundnar tekjur flytjist yfir í AST en SSA verði áfram til og geti praktískt séð dregið sig útúr AST ef það yrði ákveðið. Stefán telur að stofnaðild sveitarfélagana komi til móts við sínar áhyggjur þar sem með því sé tryggð aðkoma þeirra og atkvæði á ársfundi, þá telur hann ásættanlegt að stjórn velji sjálf sinn formann sem jafnframt er breyting frá þeim tillögum sem settar voru fram á aðalfundi SSA síðasta haust. Hann veltir upp þeirri hugmynd að hækka það hlutfall

fulltrúaráðs sem samþykkir breytingar á samþykktum á ársfundi úr 2/3 í t.d. 3/4 en fyrra hlutfallið er tekið úr 36. grein laga um sjálfseignastofnanir. Verkefnisstjórn ályktar að ekki sé ráðlagt að hækka hlutfallið þar sem óvíst er og ólíklegt að allir stofnaðilar geti mætt á alla fundi og með því að hækka hlutfallið verði nánast ómögulegt að afgreiða minniháttar breytingar á skipulagsskrá á ársfundi.

Rætt er um hvort minni sveitarfélögin muni samþykkja að greiða 100 þúsund króna stofngjald og í tengslum við þá umræðu kemur fram hvort mögulegt sé að stofnaðildar ÞNA þurfi ekki að greiða stofngjald heldur að stofnframlag ÞNA flytjist yfir. Fram kemur að erfitt er að flytja stofnframlag á milli stofnana og það kalli á mikla skrifinnsku. Verkefnisstjórn ákveður að lækka stofnframlag í 50 þúsund krónur enda sé ekki þörf á hærra framlagi miðað við áætlaðan fjölda stofnaðila og lágmarksstofngjald upp á 1 milljón, skv. lögum um sjálfseignastofnanir.

Verkefnisstjóra falið að setja sveitarfélögin inn í samþykktir sem stofnaðila (gulyfirstrik) og hafa samband við þau varðandi stofnaðild sem og þjónustusamninga. SSA mun kanna hvort hægt er að fá Björn Hafþór með verkefnisstjóra í samningsgerð með sveitarfélögunum.

Rætt um framlagt skipurit frá 15. desember og það samþykkt af verkefnisstjórn.

Umræða um tillögu að 17. grein, ákveðið að taka út málsgrein er snéri að stefnu og markmiðum í jafnréttismálum innan stofnunarinnar en að hafa inni almenna tilvísun til jafnréttislaga og taka sambærilegar málsgreinar þá úr þeim greinum er snúa að skipan í stjórn, fagráð og starfsháttanefnd.

Samtöl við stofnaðila: Samþykkt að viðræður við þá stofnaðila sem nú eru í ÞNA fari í gegnum stjórn og framkvæmdastjóra ÞNA, verkefnisstjórn skipti með sér verkum varðandi nýja stofnaðila og mun kalla til samstarfs við framkvæmdastjóra eftir atvikum. Björn Hafþór og verkefnisstjóri munu halda utan um stofnaðild sveitarfélaga.

Ráðning framkvæmdastjóra: Fram kom að sendar hafa verið inn 6 umsóknir. Ekki var auglýst í Morgunblaðinu um síðustu helgi einsog fyrirhugað var en í stað þess mun birtast auglýsing í Morgunblaðinu næsta laugardag, auk þess sem aftur verður birt auglýsing í Dagskránni í næstu viku, en auglýsing í síðustu viku var mjög lítil. Umsóknafrestur er til 26. febrúar.

Önnur mál:

- Fram kemur að næsti stjórnarfundur hjá ÞFA er á morgun 16. febrúar en þar verður staða verkefnisins kynnt.
- Næsti fundur stjórnar ÞNA er þriðjudaginn 21. febrúar en þar verður ákveðin fundur með stofnaðilum þar sem sameiningaráform verða rædd.
- Rætt um nafnasamkeppni fyrir AST. Verkefnisstjórn ákveður að hrinda henni af stað sem fyrst og auglýsa í næstu Dagskrá en drög að auglýsingu verða send á verkefnisstjórn.
- Ákveðið að bíða með að sækja um kennitölu þar til nauðsynleg gögn liggja frammi, endanleg skipulagsskrá og stofnfundargerð þurfa að fylgja umsókn.
- Verkefnisstjórn kemur með tillögu að stofnfundi í kringum Sumardaginn fyrsta sem er 19. apríl.

Næsti fundur verkefnisstjórnar ákveðin 28. febrúar kl. 13 en þar verði meginviðfangsefni, ráðning framkvæmdastjóra, samningar við sveitarfélög og rammasamningur við ríkisvaldið. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.